

Fundargerð 427

Föstudaginn 10. apríl 2015 kl. 8:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Höllinni í Vestmannaeyjabæ. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður, Ásthildur Sturludóttir, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 8:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015
3. Fundargerðir lánanefndar
 - a.
4. Lán til stuðnings við atvinnurekstur kvenna – til upplýsingar
5. Lánveitingar í landbúnaði
6. Önnur mál
7. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 426 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015

AP, SBS, EGK sögðu frá stöðu verkefna skv. starfsáætlun. Rætt var um stöðu brothættra byggða, kynjakvóta í stjórnnum félaga sem stofnunin á hlut í, byggðakvóta og Grímsey.

Við umræðu um aflamark Byggðastofnunar var gerð svohljóðandi bókun:

„Í ljósi reynslunnar af nýtingu aflamarks Byggðastofnunar óskar stjórn stofnunarinnar eftir því að reglugerð verði breytt á þann veg að heimilt verði að semja um vinnslu á vinnusóknarsvæði viðkomandi byggðarlags. Með því skapast aukið svigrúm til byggðapróunar og eflingar sjávarútvegs á vinnusóknarsvæðinu í heild í þeim tilvikum sem það á við. Stjórn stofnunarinnar telur hins vegar óráðlegt að veita heimild til undanþágu frá vinnsluskyldu aflamarks Byggðastofnunar.“

3. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 7/15, 12. mars 2015

AP fór yfir fundargerðina

...

Fundargerð lánanefndar nr. 8/15, 24. mars 2015

AP fór yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 9/15, 1. apríl 2015

AP og EGK fóru yfir fundargerðina

...

...

Forstöðumaður fyrirtækjasviðs mun leggja fram minnisblað um eignarhaldsfélög sem stofnunin á hlut í, sögu þeirra og fjárfestingar á næsta fundi stjórnar.

4. Lán til stuðnings við atvinnurekstur kvenna – til upplýsingar

EGK fór yfir minnisblað um lánveitingar stofnunarinnar til atvinnurekstrar kvenna. Á fundi stjórnar þann 14. nóvember 2014 var samþykkt að veita sérstök lán til stuðnings atvinnureksturs kvenna á starfssvæði Byggðastofnunar. Samþykkt var að veita allt að 200 mkr í þessi lán. Alls hafa borist 14 umsóknir fyrir lánunum að upphæð 86,7 mkr. Fimm umsóknum hefur verið synjað og eitt lánsloforð afturkallað þar sem kaup á fyrirtæki gengu til baka. Umsóknir eru flestar vegna verkefna í verslun og þjónustu og ferðaþjónustu.

Rætt var um að útbúa ætti fréttatilkynningu um lánin og kynna þau betur.

5. Lánveitingar í landbúnaði

EGK fór yfir minnisblað um lánveitingar stofnunarinnar til landbúnaðar. Á fundi stjórnar Byggðastofnunar þann 6. desember 2013 var samþykkt að veita sérstök lán til að auðvelda nýliðun í landbúnaði, jarðakaupalán. Frá þeim tíma sem liðinn er hafa verið samþykkt 14 lán að upphæð 508 mkr. Samþykkt lán til kúabúa eru 282 mkr., eða 56% af samþykktum lánunum, til sauðfjárabúa 173 mkr. og í annan búrekstur um 50 mkr. Meðallán til kúabúa er um 70 mkr. og 25 mkr. til kaupa á jörðum í sauðfjár búskap. Forstjóra var falið að koma með tillögu á næsta fundi stjórnar um útvíkkun á lánunum stofnunarinnar í landbúnaði.

6. Önnur mál

ÁS Ræddi um tryggingagjald og fjárfestingasamninga, um afslátt á tryggingagjaldi til fyrirtækja í jaðarbyggðum.

Þar sem formaður fer nú úr stjórn voru honum færðar þakkir annarra stjórnarmanna og starfsmanna fyrir samstarfið.

7. Næsti fundur

Næsti fundur verður ákveðinn af nýrri stjórn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15

Magnús Helgason, fundarritari
